MENNTASKÓLINN AÐ LAUGARVATNI | manngildi, þekking, atorka

# Áfangalýsing ML

| | |
|---|---|
| **Titill:** | Kór 1 |
| **Námsgrein:** | Kór |
| **Viðfangsefni:** | Kórsöngur á fyrsta ári |
| **Skammstöfun:** | KÓRS1AA03 |
| **Þrep:** | 1 |
| **Einingafjöldi:** | 3 |
| **Lýsing:** | Nemandi fær úthlutað námsefni af kórstjóra er hæfir viðfangsefninu. Viðfangsefnin eru margbreytileg og unnið er með tónlist af mismunandi stíltegundum. Á hverju ári eru að minnsta kosti tvennir tónleikar og æfingabúðir, en auk þess kemur kórinn fram við brautskráningu að vori. Nemanda ber að kaupa kórmöppu og halda vel utan um þær nótur sem þeim er úthlutað. |
| **Forkröfur:** | Engar |
| **Þekkingarviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>- tónheyrn og eðli söngs<br>- mikilvægi viðeigandi framkomu við ólík tækifæri<br>- ólíkum tegundum tónlistar, ekki síst íslenskrar tónlistar frá ýmsum tímum |
| **Leikniviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>- syngja og koma fram á tónleikum<br>- starfa með öðrum og í samvinnu við aðra.<br>- hlusta á og greina mismunandi þætti tónlistar<br>- greina og flytja tónlist af ólíkum stíl og uppruna |
| **Hæfniviðmið:** | Lögð er áhersla á að nemandi:<br>- geti metið gæði söngs<br>- efli færni sína í kórstarfi<br>- byggi stöðugt ofan á þá söngfærni sem hann hefur öðlast. |
| **Námsmat** | Námsmat er útfært í kennsluáætlun. |

**Síðast uppfært:** 1. apríl 2025